



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

25. ágúst 2014 – 31. maí 2015

Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga
kl: 14:00—22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl: 11:00—18:00

Páskaopnun



Skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur og
annar í páskum
opið kl. 11-18 alla dagana.

Aðra daga venjuleg opnun

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ



Ég lifi í draumi



Árshátíð Kerhólsskóla 25. mars 2015
kl 17:00 í félagsheimilinu Borg
Miðaverð kr. 1000 fyrir 14 ára og eldri
Allir hjartanlega velkomnir

Gleðilega páska !



FUNDARGERÐ.

361. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. febrúar 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Varaoddviti leitar afbrigða

- Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
- Aðalfundarboð og málþing Landsambands landeigenda á Íslandi.
- Bréf frá Minjastofnun vegna umsagnar stofnunarinnar við stækkun efnisnámu í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Bréf frá Vottunarstofunni Tún ásamt fundargerð hluthafafundar.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. janúar 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. janúar 2015 liggur frammi á fundinum.

Aðalfundur Hrossaræktardeildar Goða

Verður haldinn í kaffistofu Hólmarshallar Minni Borg
föstudaginn 27. mars 2015 klukkan 20.00

Dagskrá:

- ✓ Skýrsla stjórnar
- ✓ Fundargerð síðasta aðalfundar
- ✓ Reikningar félagsins
- ✓ Kosningar
- ✓ Afhending ræktunarbikara
- ✓ Ferðin í vor
- ✓ Önnur mál



Gaman væri ef félagsmenn kæmu
með hross úr sinni ræktun og sýndu þetta kvöld.

PÁSKABINGÓ

Kvenfélags Grímsneshrepps.

Verður haldið í Félagsheimilinu Borg
mánudaginn 30. mars kl. 19:30

Góðir og páskalegir vinningar.

*Aðgangseyrir er 1.000 kr. innifalið 1 bingóspjald,
kaffi og kruðeri*

Aukaspjald er á kr. 500.-.

*Allur ágóði rennur í Sjóðinn góða hjá Rauða krossinum í
Árnessýslu sem er m.a. nýttur til styrktar þeim sem höllum fæti
standa í aðdraganda jóla, páska og feringa.*

*Vonumst eftir að sjá sem flesta hressa og káta með klink og seðla
til styrktar góðu málefni*



Þú fær þér taum sem er ca 3m að lengd. Ef hundurinn togar þá stoppar þú og bíður eftir slaka. Leið og hundurinn slakar á þá gengur þú aftur af stað og þið haldið för ykkar áfram.

Þannig erum við að gefa hundinum tækifæri til að vera hundur, þefa, hreyfa sig og njóta lífsins á sama tíma og við getum haldið okkar gönguhraða. Það tekur smá tíma að venjast því að hafa 3m taum en það er gott að hafa í huga að hægt er að stytta í löngum taum en ekki lengja í stuttum taum.

Framkvæmdin

Setjið hundinn í beisli og stígið út úr húsinu. Gott er að venja hundinn á að rjúka ekki út um dyrnar heldur bíða eftir „gjörðu svo vel“ (en það er smekksatriði!). Gangið af stað og **um leið** og strekkist á taumnum stoppið þið og bíðið eftir slaka. Stundum er gott að kalla hundinn til sín eða gefa frá sér „kossahljóð“ sem kennir hundinum hægt og rólega að nú á hann að snúa til þín og ganga með þér. Segið nafnið hans/gerið hljóðið og verðlaunið hundinn þegar hann kemur til ykkar. Nammi er stundum hentugt ef að það æsir ekki upp hundinn eða hann fær ekki þráhyggju fyrir því. Gangið aftur af stað. Ef hann togar, þá endurtakið þið leikinn.

Taummeðvitund

Það er mikilvægt fyrir bæði hund og eiganda að vera með sva-kallaða taummeðvitund, það er að segja að eigandi kunni að vinna með tauminn og að hundurinn sé meðvitaður um það að hann sé í bandi. Góð taummeðvitund hjálpar mikið til við að takast á við erfiðar aðstæður í göngutúr svo sem að mæta öðrum hundum, ganga framhá ketti, mætast á þröngum stígum og svo framvegis. Það að gefa hundinum frelsi til að tjá sig en á sama tíma vera með tauminn lifandi (ekki alveg dauðann niður) þannig að hundurinn finni að við séum til staðar fyrir hann. Ekki horfa bara fram fyrir þig. Gefðu þér tíma og líttu líka niður á ferfætta vin þinn og fylgstu með hvernig honum líður.

Það gerum við allavega 😊

2. Fundargerðir.

- a) **83. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 29. janúar 2015.**

Mál nr. 12, 15 og 16 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 83. fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, dags. 29. janúar 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 12: Endurskoðað deiliskipulag – 151077

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að ræða við skipulagshönnuð um afmörkun byggingarreita á lóðum innan skipulagssvæðisins. Að mati sveitarstjórnar er nauðsynlegt að afmarka byggingarreiti á öllum lóðum innan svæðisins. Guðmundur Ármann Pétursson vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember til 31. desember 2014.

Mál nr. 16: Landsskiplagsstefna 2015-2026 – 1501017

Lögð fram að nýju tillaga Skipulagsstofnunar að Landskiplagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar þar sem skipulagsfulltrúa var falið að vinna drög að umsögn um landskiplagsstefnuna á grunni umræðna á fundinum og leggja fyrir næsta fund skipulagsnefndar.

- b) **Fundargerð 5. fundar nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 29. janúar 2015.**

Mál nr. 1, 2, 3 og 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 5. fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), dags. 29. janúar 2015.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Drög að nýjum samþykktum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir samþykktirnar fyrir hönd sveitarfélagsins.

Mál nr. 2: Drög að nýju erindisbréfi fyrir NOS.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir erindisbréfið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Mál nr. 3: Drög að nýju erindisbréfi Skólaþjónustu- og velferðarnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir erindisbréfið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Mál nr. 4: Drög að starfslýsingu forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

c) Fundargerð 10. fundar stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, 27. janúar 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

d) Fundargerð oddvita og sveitarstjóra í uppsveitum Árnessýslu, 14. janúar 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

3. Grafningur og Grímsnes, byggðasaga.

Málið rætt og afgreiðslu frestað.

Þá getur vaknað upp óöryggi í ljúfustu labradorum. Eigandinn sér í hvað stefnir og byrjar að hala hundinn inn, setur þannig spennu á tauminn og allt fer í bál og brand.

Svo má ekki gleyma því að Flexi getur vafist utan um þig og ef að hundurinn ákveður svo að hlaupa af stað getur taumurinn valdið þér brunasárum og jafnvel alvarlegri sárum.

Mikilvægt er einnig að horfa á þetta út frá sjónarhorni fólks sem er til dæmis hrætt við hunda. Fólk vill ekki fá hund, sama af hvaða stærðargráðu, hlaupandi á móti sér með eigandann á fullu að reyna að draga hundinn inn.

Ef þú kýst að nota Flexitaum hvetjum við þig eindregið til hugsa – en ekki bara halda í handfangið.

Að hefja göngutúrinn

Mér finnst góð regla að hundurinn sitji kyrr meðan verið er að klæða hann í beislið eða setja á hann tauminn. Þannig komum við í veg fyrir óþarfa æsing og róum hundinn því að sitja er eitt af merkjamálum hundsins og virkar róandi á hundinn. Það er einnig fínt að láta hundinn bíða meðan við opnum hurðina og hann fær ekki að fara út fyrr en við segjum gjörðu svo vel. Þetta er þó á engan hátt tengt við að „foringinn“ eigi að fara fyrst út og síðan hundurinn af því að „foringinn“ er hærra settur en hundurinn. Þetta er einfaldlega til þess að hundurinn læri tvennt:

a) Að bíða stilltur og hemja sig (sjálfstjórn)

b) Að rjúka ekki út um opnar dyr hvenær sem tækifæri býst nema heyra „gjörðu svo vel“ fyrst. (sjálfstjórn).

Það að hundurinn berjist við eigandinn um hver er fyrstur út tengist „yfírráði“ ekki á neinn hátt – hann er einfaldlega spenntur að komast út að lesa blöðin ☺

Þegar út er komið er mjög misjafnt hvernig göngutúrinn er. Sumir hundar virðast einfaldlega hafa fæðst með þá náðargáfu að ganga fallega í taum meðan aðrir eigendur eyða ævinni í að ná hundinum góðum í göngutúrum. Það eru til fjölmargar aðferðir til að kenna hundum að ganga fallega í taum en hérna kemur sú aðferð sem við mælum með.

Hvort þú velur að nota hálsól eða beisli fyrir hundinn þinn er að sjálfsgöðu undir þér komið en það sem mestu máli skiptir er að bæði þér og hundinum líði vel með þau hjálpartæki sem þið eruð að nota.

Taumurinn?

Ýmsar gerðir af taumum eru til, mjóir, breiðir, leður, flatir, snúnir, snúrur og svo framvegis.

Lengdir eru einnig mismunandi en mikilvægt er að velja taum sem þið eruð ánægð með og er þægilegt að halda í. Sumir taumar eru með sérstökum haldföngum sem mörgum finnst gott að nota en venjulegir flatir taumar úr næloni duga flestum vel. Við mælum sterklega með því að taumurinn sé aldrei styttri en 1,5m. Til að hundurinn geti lært að ganga með slakan taum þarf taumurinn að vera nægilega langur til að hundurinn fái tækifæri til að halda slakanum án þess að vera límdur við hæl eigandans. Þriggja metra taumur er í flestum tilfellum hæfilega langur taumur í rólegar kvöldgöngur svo hundurinn fái að þefa nóg. Gott er að hugsa um hund í taumi eins og við leiðum barn, taumurinn er þarna til að vísa hundinum veginn, leiðbeina honum í erfiðum aðstæðum og gefa honum tilfinningu fyrir því að þið séuð til staðar fyrir hann.

Slakur taumur, rólegur eigandi og hundur að þefa – alveg eins og þetta á að vera ☺

Flexi-taumur

Flest allir hundaeigendur freistast til þess að nota Flexi-taum einhverntímann á hundalífsleiðinni. Það fylgja því auðvitað ýmsir kostir að hafa hundinn í Flexi taum, en mín skoðun er sú að gallarnir eru það margir að Flexi taumar eru best geymdir upp í skáp eða niður í skúffu – NEMA við sérstök tækifæri.

Ef við skoðum málið betur þá má segja sem svo að Flexi sé “dauð lína” milli hunds og eiganda.

Taumsamskipti fara fram í gegnum tæki sem eigandinn heldur í, í stað þess að fara fram í gegnum líkamsbeitingu þína. Ef hundurinn sér fólk eða annan hund nálgast byrjar hann strax að ókyrrast þar sem hann hefur ekki stuðning frá eiganda sínum.

4. Bréf frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins vegna tillögu að Landskipulagsstefnu 2015 – 2026.

Á fundi sveitarstjórnar þann 21. janúar s.l. var málinu frestað til næsta fundar til að sveitarstjórn gæti farið á kynningarfund um Landskipulagsstefnuna áður en umsögn verði gerð. Lögð er fram umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga og minnispointar oddvita sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela oddvita og sveitarstjóra að senda inn athugasemdir í samræmi við umræður á fundinum.

5. Bréf frá Guðrúnu A. Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Náttúran er ehf., um rekstur miðlægs gagnasafns og upplýsingaveitu um endurvinnslu og sorphirðu.

Fyrir liggur bréf frá Guðrúnu A. Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Náttúran er ehf., dagsett 27. janúar 2015 þar sem óskað er eftir samstarfi við Grímsnes- og Grafningshrepp um rekstur miðlægs gagnasafns og upplýsingaveitu um endurvinnslu og sorphirðu. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Ráðgjafasamningur við Concello ehf.

Fyrir liggur ráðgjafasamningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Concello ehf. þar sem Concello kemur til með að annast ráðgjafar- og sérfræðipjónustu um váttryggingar, váttryggingaútbod, váttryggingasamninga og annarra verka sem varðar váttryggingar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra að ræða við forsvarsmenn Concello um breytingar á samningnum.

7. Bréf frá Ómari Smára Kristinssyni þar sem óskað er eftir styrk vegna vinnu við Hjólabókina – 4. bók: Árnessýsla.

Fyrir liggur bréf frá Ómari Smára Kristinssyni, dagsett 19. janúar 2015 þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 75.000 vegna vinnu við Hjólabókina – 4. bók: Árnessýsla. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um örnefni (heildarlög), 403. mál.

Frumvarpið lagt fram.

9. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Menntamálastofnun (heildarlög), 456. mál.

Frumvarpið lagt fram.

10. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um grunnskóla (kæruleiðir, einkareknir skólar ofl.), 426. mál.

Frumvarpið lagt fram.

11. Önnur mál.

a) Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Reykjavíkurborg um námsvist fyrir Rebekku Rut Oddsteinsdóttur utan lögheimilissveitarfélags. Sveitarstjórn samþykkir námsvistina og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

b) Aðalfundarboð og málþing Landsambands landeigenda á Íslandi.

Fyrir liggur bréf frá Landsambandi landeigenda á Íslandi þar sem boðað er til aðalfundar og málþings, föstudaginn 13. febrúar n.k. á Hótel Sögu. Lagt fram til kynningar.

Að ganga beint á móti öðrum hundi setur mikið álag á hundinn þinn því margir hundar líta á það sem mikla ógn.

Í fjórða lagi skiptir miklu máli að við göngum ekki framfyrir hundinn! Já núna fá margir áfall, hrista hausinn og fussa, jafnvel hætta að lesa. En þegar við göngum með hundinn fyrir aftan okkur getum við ekki fylgst með því hvað hann er að gera. Þegar við erum komin framfyrir hundinn missum við yfirsýn yfir göngutúrnum og þar með sambandið við hundinn. Það þýðir samt ekki að hundurinn eigi að toga okkur áfram, alls ekki. Hundur sem gengur í rétt svo slökum taum fyrir framan okkur eða hliðiná er í góðu sambandi við eiganda sinn.

Réttur útbúnaður

Hálsól vs beisli?

Til að byrja með þurfum við að ákveða hvort við ætlum að nota hálsól eða beisli þegar við förum að ganga með hundinn okkar. Við mælum eindregið með notkun beisla svo lengi sem það hentar hundinum og beislið sé af góðum gæðum. Það er gott að vera meðvitaður um það hvaða afleiðingar notkun á til dæmis keðjuólum getur haft séu slík tæki meðhöndluð óvarlega. Hálsinn er einnig eitt af viðkvæmu svæðum hundsins og spennan á hálssvæðinu getur leitt til hegðunarblanda í göngutúrum. Valið er hins vegar alltaf eigandans með velferð og vellíðan hundsins í fyrirrúmi. Beisli eru eins misjöfn og þau eru mörg. Mikilvægt er að finna beisli sem hentar þér og þínum hundi og eru lipur, þægileg og særa ekki hundinn. Sérstaklega þarf að horfa á framfætur hundsins, að beislið sitji ekki of nálægt þeim þannig að hundurinn særast í „handakrikanum“. Beislið þarf einnig að setja jafnt álag á líkamann. Beisli sem þrengir að á einhvern hátt (t.d. easy walk) getur skekk líkamsstöðu hundsins sé það notað til lengri tíma. Sama gildir um gentle leader og önnur hjálpartæki sem aðeins eru ætluð sem þjálfunartæki til að aðstoða við að kenna hundinum að ganga við slakan taum en ekki sem eilífðar lausn.

Göngutúrin

Jóhanna Reykjalín

hundastefnan.is

Höfundur greinarinnar er annar eigandi og hundapjálfi hjá Hundastefnunni. Hundastefnan hefur lífsleikni og velferð hundsins að leiðarljósi og býður hundaeigendum því upp á frábrugðna aðstoð í uppeldinu. Kíktu á heimasíðuna www.hundastefnan.is ef þú vilt vita meira um okkur.

Þegar við eigumst hund verður göngutúrin stór partur af hundahaldinu. Það eru fjölmargar skoðanir um það hvernig best er að kenna hundinum „reglur“ göngutúrsins en mikilvægast er að þið finnið ykkar leið sem hentar ykkur en ekki síður hundinum. Fjögur atriði finnst mér mikilvægt að hundaeigendur hafi í huga þegar þeir leggja af stað í göngu með hundinum sínum:

Í fyrsta lagi erum við ekki að fara út með hundinn heldur erum við að fara út með hundinum = þessi göngutúr er ykkar. Þessi göngutúr á ekki að snúast um að komast frá a-ö heldur tökum við okkur til fyrirmyndar slagorð þekktis fyrirtækis: “It’s the journey, not the destination!”

Í öðru lagi erum við stanslaust að setja kröfur á hundinn með því að rykkja í tauminn og segja hundinum að ganga við hæl. Í raun og veru erum við að koma í veg fyrir það að hundurinn njóti göngutúrsins (og yfirleitt hættum við líka að njóta hans).

Í þriðja lagi er mikilvægt að hugsa til þess að hundurinn er stanslaust að tala merkjamálið og það er okkar hlutverk að styðja tjáningarfrelsi hans. Með því að leyfa hundinum okkar að þefa í göngutúrnum erum við að gefa honum tækifæri til að róa bæði sjálfan sig og aðra hunda í umhverfinu. Ef þið mætið öðrum hundi – takið þá sveig. Stígið út fyrir öryggi malbiksins, vaðið pollana og sýnið hundinum ykkar að þið kunnið hundasiði. Því það að gefa nægilegt pláss ER svo sannarlega hundasiður.

- c) **Bréf frá Minjastofnun vegna umsagnar stofnunarinnar við stækkun efnisnámu í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur bréf frá Minjastofnun / Minjaverði Suðurlands, dagsett 16. janúar 2015 vegna umsagnarbeiðni stofnunarinnar við stækkun efnisnámu í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar

- d) **Bréf frá Vottunarstofunni Tún ásamt fundargerð hluthafafundar.**

Fyrir liggur bréf frá Vottunarstofunni Tún, dagsett 16. janúar 2015 ásamt fundargerð hluthafafundar. Lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 235. stjórnarfundar 06.01 2015.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 237. stjórnarfundar 26.01 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð 489. stjórnarfundar 16.01 2015.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00

FEDGAVERK
Jarðvinnuverktakar



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - jarðheflun
fólksflutninga, 6 og 11 farþega.

Erum með gröfur í stærðunum:
2,7 - 5,5 - og 24 tonn

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848-1123 og 868- 4115
Email: verktaki89@gmail.com
Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



Fundargerð.

362. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. febrúar 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) Aðalskipulagsbreyting Grímsnes- og Grafningshreppur, Seyðishólar-Kerbyggð.
- b) Deiliskipulagsbreyting, Seyðishólar-Kerbyggð.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. febrúar 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. febrúar 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) **84. fundur Skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita, 12. febrúar 2015.**

Mál nr. 1, 2, 9, 10, 11 og 16 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 84. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 12. febrúar 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Landsskiplagsstefna 2015-2026 – 1501017

Fyrir liggur umsögn skipulagsnefndar við Landskiplagsstefnu 2015-2026. Sveitarstjórn staðfestir umsögn Skipulagsnefndar

Páskablómin og kryddið færðu hjá okkur :)



Opið alla virka daga frá 10-14 eða eftir samkomulagi.

Sími 694 8405.



Gróðrastöðin Ártangi er á Sólheimahringnum.

Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.


Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!



Saumaökonan Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515



Mál nr. 2: Reglugerð um hollustuhætti: Ákvæði 24. gr. um fjarlægð – 1502041

Í gildandi reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 er ákvæði um að óheimilt sé að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 metrum (4. mgr. 24. gr.). Ekki eru neinar skýringar á því hvers vegna miða skuli við þessa ákveðnu fjarlægð og ekki er tekið tillit til fjölda dýra eða hvernig starfseminni er háttað s.s. í tengslum við meðhöndlun á úrgangi.

Það er mat sveitarstjórnar að ofangreint ákvæði reglugerðar um hollustuhætti þurfi endurskoðunar við í ljósi þess að miklar breytingar hafa orðið á t.d. meðhöndlun úrgangs frá minka-, alifugla- og svínabúum sem hefur m.a. leitt til minni lyktarmengunar en áður var. Sveitarstjórn tekur undir áskorun Skipulagsnefndar til Umhverfis- og auðlindarráðuneytisins um að endurskoða ákvæði 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Mál nr. 9: Hraunbraut 35 og 41-43: Borg: Deiliskipulagsbreyting – 1502030

Fyrir liggur beiðni frá Birgi Leó Ólafssyni f.h. Borgarhúsa ehf. um deiliskipulagsbreytingu á lóðum við Hraunbraut nr. 35 og 41-43. Óskað er eftir að breyta einbýlishúsalóð og parhúsalóð í raðhúsalóðir. Sveitarstjórn felst ekki á fyrirliggjandi breytingu vegna of margra íbúða. Oddvita falið að ræða við skipulagshönnuð og skipulagsfulltrúa.

Mál nr. 10: Miðengi: 5 stjörnu gisting: Fyrirspurn – 1502034

Lögð fram fyrirspurn um hvort heimilt verði að stækka núverandi hús á lóð við 5. braut í landi Miðengis þannig að nýtingarhlutfall lóðar verði um 0,07 í stað 0,03 eins og gildandi skipulag gerir ráð fyrir og hvort leyfi þurfi fyrir smíði þyrlupalls. Jafnframt er spurt um útleigu húss á lóðinni, hvort nægjanlegt heitt vatn sé á svæðinu auk upplýsinga um frárennismál.

Það samræmist ekki ákvæðum gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins að gera ráð fyrir hærra nýtingarhlutfalli á fristundahúsalóðum en 0.03 og hefur það ekki verið leyft til þessa. Ekki er fallist á byggingu þýrlupalls inn í miðju fristundahúsaahverfi vegna mögulegs ónæðis fyrir nágranna. Varðandi önnur atriði að þá er líklega nóg heitt vatn á svæðinu og væntanlega fengist heimild til að leigja hús á lóðinni á sambærilegan hátt og gildir almennt um útleigu fristundahúsa. Sveitarfélagið sér um tæmingu rotþróa í fristundahúsaahverfum en lóðarhafar sjálfir þurfa að sjá um hönnun fráveitukerfis í samráði við heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Mál nr. 11: Bjarkarbraut 5: Umsókn um byggingarleyfi: Viðbygging – 1501054

Fyrir liggur umsókn um viðbyggingu við sumarhús að Bjarkarbraut 5, Bjarkarborgum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir samhljóða að grenndarkynna umsóknina skv. 44. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 15-01 – 1501001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. febrúar 2015.

b) Fundargerð 3. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 26. janúar 2015.

Mál nr. 1 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 3. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, dags. 26. janúar 2015.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Ásýnd.

Sveitarstjórn felur Tæknisviði Uppsveita að gera kostnaðar-áætlun um viðhald hússins að utan.

Mál nr. 3: Húsvörður.

Sveitarstjórn samþykkir að breyta fyrirkomulagi á húsvörslu og felur sveitarstjóra að útfæra fyrirkomulag starfsins í samráði við skólastjóra.

Sólheimakirkja í mars og apríl 2015

Kirkjuskóli Sólheimakirkju verður laugardagana 14. og 28. mars kl. 13:00

Nú erum við í sjöunda himni og fönndrum fyrir páskana

Söngur, sögur, fönndur og gleði

Kaffi, ávaxtasafi og kalóriur við lok stundarinnar

Verið öll hjartanlega velkomin

Guðspjónusta 15. mars kl. 14:00

Sr. Birgir Thomsen þjónar fyrir altari og predikar

Ester Ólafsdóttir organisti leiðir almennan safnaðarsöng

Meðhjálpari er Erla Thomsen

Hátíðarmessa á Páskadag 5. apríl kl. 14:00

Sr. Birgir Thomsen þjónar fyrir altari og predikar

Organisti er Ester Ólafsdóttir

Tónlistaratriði

Meðhjálpari er Erla Thomsen

Guðspjónusta sunnudaginn 19. apríl kl. 14:00

Sr. Birgir Thomsen þjónar fyrir altari og predikar

Ester Ólafsdóttir organisti leiðir almennan safnaðarsöng

Gaflarakórinn syngur við athöfnina

stjórnandi, Kristjana Ásgeirsdóttir

Meðhjálpari er Erla Thomsen

Verið öll hjartanlega velkomin í Sólheimakirkju



Tómstundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri / forráðamanni barna á aldrinum 6 - 18 ára styrk vegna íþrótt- og tómstundaiðkunar.

Til að unnt sé að nýta tómstundastyrkina þarf að vera um að ræða skipulagt starf sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar og skátastarf. Tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Árnesinga og líkamsræktarkort falla ekki undir styrkveitingu.

Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrkja

- Að styrkþegi hafi lögheimili á Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 - 18 ára.
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 10 vikur hverja önn.
- Staðfesting á greiðslu/kvittun fylgi umsókn vegna tómstunda-styrkja. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dags. greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingatímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þátttökugjaldi viðkomandi íþrótt- eða tómstundagreinar.
- **Tómstundastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem styrkþegi stundar íþrótt/tómstundir.**

Styrkur getur orðið allt að 15.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 30.000 kr. á ári.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Grímsnes- og Grafningshreppi 18. september 2014

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

- c) **Fundargerð 2. fundar ferðamálaráðs uppsveitanna, 3. febrúar 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Ráðgjafasamningur við Concello ehf.**

Málinu frestað.

4. **Kauptilboð í golfvöllinn að Minni-Borg.**

Fyrir liggur kauptilboð frá Örvari B. Hólmarssyni f.h. óstofnaðs hlutafélags í golfvöllinn að Minni-Borg. Sveitarstjórn hafnar fyrir- liggjandi kauptilboði.

5. **Bréf frá Kvenfélagi Grímsneshrepps ásamt ársskýrslu og ársreikningi sem liggur frammi á fundinum.**

Fyrir liggur bréf frá Kvenfélagi Grímsneshrepps, dagsett 1. febrúar 2015 ásamt ársskýrslu og ársreikningi. Spurt er hvort sveitarfélagið, e.t.v. í samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurlandi, verði með einhverja viðburði tengda þeim merku tímamótum að í ár eru liðin 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt. Sveitarstjóra falið að vera í sambandi við forsvarsmenn kvenfélagsins.

6. **Minnisblað frá skipulagsfulltrúa, Péttri Inga Haraldssyni um stefnumörkun um vindmyllur – kynnisferð til Skotlands og/ eða Noregs.**

Fyrir liggur minnisblað frá skipulagsfulltrúa, Péttri Inga Haraldssyni, dagsett 30. janúar 2015 um stefnumörkun um vindmyllur – kynnisferð til Skotlands og/ eða Noregs með fulltrúum frá Skipulagsstofnun í lok mars eða byrjun apríl vegna þeirrar vinnu sem framundan er varðandi stefnumörkun sveitarfélaganna um staðsetningu vindmylla. Gert er ráð fyrir einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að oddviti sveitarfélagsins sem jafnframt er fulltrúi sveitarfélagsins í skipulagsnefnd, fari í umrædda kynnisferð fyrir hönd Grímsnes- og Grafningshrepps

7. Beiðni um styrk frá Kór Menntaskólans á Laugarvatni vegna ferðar kórsins til Danmerkur.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Kór Menntaskólans á Laugarvatni vegna ferðar kórsins til Danmerkur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 15.000 til ferðarinnar.

8. Beiðni um styrk frá NKG-verkefnalausnum til innleiðingar á nýsköpunarmennt í grunnskólum.

Fyrir liggur beiðni um styrk að fjárhæð kr. 45.000 – 250.000 frá NKG-verkefnalausnum til innleiðingar á nýsköpunarmennt í grunnskólum. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna afgreiðslu umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps til Landbótasjóðs 2015.

Fyrir liggur bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 2. febrúar 2015 þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 310.000 úr Landbótasjóði Landgræðslunnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um húsaleigubætur (námsmenn), 237. mál.

Frumvarpið lagt fram.

11. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (skilyrði fjárhagsaðstoðar), 416. mál.

Frumvarpið lagt fram.

12. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og málefni fatlaðs fólks (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg þjónusta), 454. mál.

Frumvarpið lagt fram.



Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 17 - 67 ára 8.000 kr.

Börn, 7 - 16 ára 3.500 kr.

Kortin fást í Íþróttahúsinu.



Þrástalandur í Þjóðbraut

Veitingastaður og söluskáli

í Grímsnes- og Grafningshreppi.



Opið:

mánudaga - fimmtudaga 11:00 - 18:30

föstudaga og laugardaga 11:00 - 19:30

Sunnudaga 11:00 - 18:00

Verið velkomin

Sími 486-8686

ORMSSTAÐIR



Fjölskyldurekið
svínabú

ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT, beint frá bónda :)



Sjá www.ormsstadir.is

**Heimasalan opin á
föstudögum kl. 16 – 18.**

Verið velkomin að kíkja við, fá ykkur
kaffisopa og kaupa í helgarmatinn !

**Við erum líka á facebook, Ormsstaðir,
Pantanir og allar upplýsingar í síma**

894 - 0932 eða 486 - 4465

Tölvupóstur: ormsstadir@ormsstadir.is

13. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um náttúrupassa (heildarlög), 455. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps lýsir yfir miklum vonbrigðum að á því tæpa ári sem liðið er síðan málið var síðast til efnislegrar meðferðar hafi ekki meira áunnist og að ekki hafi tillit verið tekið þeirra sjónarmiða sem þá komu fram. Sveitarstjórn hefur sannfærst enn frekar um að hafna beri náttúrupassanum enda verður það fyrirkomulag erfitt og flókið í framkvæmd. Nauðsynlegt er að sett verði lög um gjaldtökuna sem nái til allra ferðamanna- staða til að koma í veg fyrir það „gullgrafara“ ástand sem hefur skapast. Einnig þarf að tryggja sanngjarna dreifingu tekna til þeirra sem veita grunnþjónustu á ferðamannastöðum. Sveitarstjórn leggur höfuðáherslu á að tekjur sem fást renni óskiptar til þjónustu, verndar og uppbyggingar ferðamannastaða og að eins lítið fari í yfirbyggingu og hægt er. Það er mikið áhyggjuefni að ekki virðist vera til langtímaáætlun um uppbyggingu og verndun ferðamanna- staða, listi yfir ferðamannastaði og að gerð laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn hafi ekki farið fram meðan unnið var að gerð frumvarps um gjaldtöku.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatns- þjónustu, EES-reglur), 511. mál.

Samþykkt er að óska eftir fresti til að skila inn athugasemdum til 4. mars n.k.

15. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um meðferð elds og varnir geng gróðureldum (heildarlög, strangari reglur), 512. mál.

Frumvarpið lagt fram.

16. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, (heildarlög), 427. mál.

Frumvarpið lagt fram.

17. Önnur mál.

a) Aðalskipulagsbreyting Grímsnes- og Grafningshreppur, Seyðishólar-Kerbyggð.

Lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga tillaga að breytingu á aðalskipulagi á um 20 ha spildu við Seyðishóla þar sem gert er ráð fyrir að landnotkun breytist úr frístundabyggð í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Tillagan var auglýst 21. ágúst sl. með athugasemdafresti til 3. október. Tvö athugasemdabréf bárust, frá eigendum sumarhúss á lóðinni Kerengi 39 og eigendum sumarhúsalóðarinnar Klausturhólar 1. Athugasemd frá þáverandi eigendum Kerengis 39 fellur niður þar sem þeir hafa selt hús sitt og eiga því ekki lengur hagsmuna að gæta í málinu. Afgreiðslu málsins var frestað, fyrst á fundi sveitarstjórnar 5. nóvember 2014, síðan á fundi 20. nóvember og aftur á fundi 17. desember 2014. Nú er lagt fram bréf Jónasar Arnar Jónassonar frá Lögmonnum Sundagörðum dags. 16. janúar 2015, f.h. umsækjenda, þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir ofangreindri breytingu. Þá er lögð fram tillaga að svari við fyrirliggjandi athugasemdum.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda aðalskipulagsbreytingu óbreytta ásamt fyrirliggjandi tillögu að svari við athugasemdum. Skipulagsfulltrúa er falið að senda málið til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

b) Deiliskipulagsbreyting, Seyðishólar-Kerbyggð.

Lögð fram að nýju að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að breytingu á deiliskipulagi Seyðishóla í landi Klausturhóla. Um er að ræða 20 ha svæði sem nefnist Kerbyggð þar sem samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 28 frístundahúsalóðum sem flestar eru rúmleg 0,5 ha að stærð þar sem heimilt er að reisa allt að 150 fm frístundahús og 25 fm aukahús. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins þann 23. ágúst sl. með athugasemdafresti til 3. október. Tvö athugasemdabréf bárust, frá eigendum sumarhúss á lóðinni Kerengi 39 og eigendum sumarhúsalóðarinnar Klausuhólar 1. Athugasemd frá þáverandi eigendum Kerengis 39 fellur niður þar sem þeir hafa selt hús sitt og eiga því ekki lengur hagsmuna að gæta í málinu.



STARFSFÓLK ÓSKAST

Starfsfólk óskast til starfa við Íþróttamiðstöðina Borg.

Vantar starfsmann í sumarstarf í 100% stöðu

Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns

Íþróttamiðstöðvarinnar Borg.

Umsóknarfrestur er til **10. apríl 2015**

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir

Netfang: sundlaug@gogg.is

eða í síma 899-8841 og 480-5530



Minnum á styrk til framhaldsskólanema



Eins og undanfarin ár mun Grímsnes- og Grafningshreppur veita framhaldsskólanemum 16-20 ára, þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla, styrk að upphæð kr. 30.000.-

Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að senda vottorð um skólavist fyrir vorönn 2015 sem allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.

Hægt er að senda staðfestingu á netfangið stina@gogg.is



Unglingavinna



Auglýst er eftir unglingum

14 til 16 ára frá

8. júní til og með 17. júlí 2014

í vinnuskóla sveitarfélagsins.



Tekið er á móti skráningu á

Skrifstofu sveitarfélagsins

eða í síma 480-5500

til 20. apríl n.k.



Sveitarstjóri

Helgarvinna á gámastöðvum

Óskum eftir að ráða duglegan starfsmann í
helgarvinnu á gámastöðvar okkar í Bláskógabyggð
og Grímsnes– og Grafningshreppi í
maí, júní, júlí og ágúst 2015.

Verður að hafa bílpróf

Upplýsingar veitir sveitarstjóri
Grímsnes– og Grafningshrepps í síma 480-5500
eða á netfangið gogg@gogg.is

Eins og um aðalskipulagsbreytingu svæðisins að þá var afgreiðslu málsins frestað, fyrst á fundi sveitarstjórnar 5. nóvember 2014, síðan á fundi 20. nóvember og aftur á fundi 17. desember 2014. Nú er lagt fram bréf Jónasar Arnar Jónassonar frá Lögmönnum Sundagörðum dags. 16. janúar 2015, f.h. umsækjenda, þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir ofangreindri breytingu. Þá er lögð fram tillaga að svari við fyrirbyggjandi athugasemdum.

Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda deiliskipulagsbreytingu óbreytta ásamt fyrirbyggjandi svari við athugasemdum. Skipulagsfulltrúa er falið að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands
Fundargerð 238. stjórnarfundar 02.02 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 824. stjórnarfundar, 30.01 2015.
- ✓ Bréf frá Ungmennaráði UMFÍ, dagsett 3. febrúar 2015 þar sem sagt er frá ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ 2015, dagana 25. – 27. mars n.k.
- ✓ Bréf og skýrsla frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um niðurstöður úr æskulýðsrannsókninni *Ungt fólk 2014* í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla.
-skýrslan liggur frammi á fundinum-

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:30

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Sími í *neyðartilvikum* 892-8804

Apótekið opið: mán.-fös. 9:00-17:00 S. 486-8655

Verzlunin Borg

Opnunartími í vetur.

Mánud. - fimmtud. frá kl. 10:00-19:00

Föstud. og laugard. frá kl. 10:00-20:00

Sunnudaga frá kl. 11:00-18:00

Páskaopnun:

Miðvikudag	1. apríl kl: 10-20
Fimmtudag (Skírdag)	2. apríl kl: 10-20
Föstudaginn langa	3. apríl kl: 11-18
Laugardag	4. apríl kl: 10-20
Páskadag	5. apríl kl: 11-20
Annan í páskum	6. apríl kl: 11-18



Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

Sími: 486-4408

Kerhólsskóli



Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi
www.gogg.is

Prófaðu að auglýsa **frítt** í Hvatarblaðinu.

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is



BREYTT SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	480 5535

Skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps
er opin mánudaga - föstudaga kl. 9.00 - 15.00

Sími 480-5500

www.gogg.is

Myndasýning



Viðtal Guðfinnu Ragnarsdóttur
við Sigurð Gunnarsson fyrrum
bónda á Bjarnastöðum verður sýnt
14. mars nk. kl. 15:00 á Gömlu Borg.

Einnig mun Egill Árni Pálsson tenór syngja nokkur
lög við undirleik Jóns Bjarnasonar organista.

Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

Hollvinir Grímsness

Kerhólsskóli

Það er alltaf mikið fjör á öskudaginn í Kerhólsskóla!

Það er alltaf mikið fjör á öskudaginn í Kerhólsskóla! Allir mæta í sínu skrítnasta þússi um morguninn, bæði starfsfólk og nemendur. Að skólastarfi loknu er alltaf eitthvað gott að borða og svo er haldið í íþróttahúsið, þar sem foreldrafélag og nemendafélagið sameinast um skemmtanahald. Það var dansað, farið í leiki, limbóast og mikið fjör. Nemendafélagið valdi að vanda þrjá heima-gerða búninga og einn „keyptan“ búning til vinnings. Það voru engill, Shrek, risaeðla og grænt epli sem hrepptu vinninginn í ár, en valið var gríðarlega erfitt að sögn nemendafélags, slíkur urmull var af flottum búningum.

En sjón er sögu ríkarí!



Opinn dagur laugardaginn 30. maí 2015

Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir
**opinn dag í sveitarfélaginu laugardaginn
30. maí næstkomandi.**

Við hvetjum alla til að vera með og kynna sig og sitt, t.d. verktakafyrirtæki til að sýna tækin sín og aðstöðu, bændur til að bjóða fólki í útihúsin sín og fyrirtæki sem og einstaklinga til að bjóða fólki heim.

Það geta allir verið með – sýnum nú hvað við höfum mikið upp á að bjóða.

Áætlað er að hafa opna daginn frá 11- 16.

Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga á að taka þátt að skrá sig annað hvort í síma 859-9557 eða í gegnum tölvupóst:

asavaldis@gogg.is



Bláskógabyggð og
Grímsnes- og Grafningshreppur



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jólada - Annan í jölum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.



Ljósmyndakeppni Grímsnes- og Grafningshrepps 2015

Atvinnumálanefnd kynnir fyrir ykkur ljósmyndakeppni
Grímsnes- og Grafningshrepps sem standur frá
1. mars til og með 30. september 2015.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- ✓ **Landslagsmyndir** – allar landslagsmyndir teknar í sveitarfélaginu
- ✓ **Mannlífið** – sveitungar, viðburðir og daglegt líf í sveitarfélaginu
- ✓ **Frumlegasta myndin** – myndin verður að hafa þekkt kennileiti úr sveitarfélaginu í bakgrunni

Senda þarf myndirnar ásamt upplýsingum um hvar myndin er tekin, hvenær hún er tekin og nafn á ljósmyndaranum á karl@gogg.is fyrir 30. september.

Hægt er að senda inn eins margar myndir og hver vill.
Tilkynnt verður um sigurvegara í byrjun nóvember og eru verðlaun í boði.

Hugmyndin á bak við keppnina er sú að safna myndum sem hugsanlega er hægt að nota í kynningarefni sveitarfélagsins sem og önnur verkefni t.d. dagatal, heimasíðu og fleira.

Áætlað er að halda ljósmyndasýningu í Sundlauginni á Borg í kjölfarið þar sem að myndirnar verða til sýnis.



Kerhólsskóli



„Frumkvöðladagur Uppsveitanna“.

Verður haldinn fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00-17:00.

Dagurinn er haldinn í samstarfi sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnassýslu og markmiðið er að stuðla að nýsköpun og eflingu atvinnutækifæra á svæðinu.

Frá hugmynd til framkvæmdar - hugað verður að því hvernig er að hefja atvinnurekstur eða þróa.

Stoðkerfið verður kynnt, styrkjamöguleikar og reynslusögum deilt. Í lok fundarins hafa áhugasamir tækifæri til að viðra hugmyndir sínar við ráðgjafa.

Fjölbreytt erindi verða flutt á fundinum m.a. koma gestir frá Nýsköpunarmiðstöð, Atvinnuráðgjöf SASS og Frumkvöðlasetri. Auk þess sem fulltrúar fyrirtækja í Uppsveitum deila reynslusögum. Staðsetning fundarins er á Cafe Mika í Reykholti.

Nánari upplýsingar verða á www.sveitir.is
Óskað er eftir skráningu þátttakenda
netfang asborg@ismennt.is sími 8981957

Allir áhugasamir velkomnir.

Ferðamálaráð Uppsveita Árnassýslu

sveitir.is



GISTING




VETTINGAR



AFPREYTING



VERSLUN



BLÁSKÓGABYGGÐ



Grímsnes- og
Grafingshreppur



Hrunamanna-
hreppur



Skeiða- og
Gnúpverjahreppur

Frá Búnaðarfélagi Grímsneshrepps

Aðalfundur Búnaðarfélags Grímsneshrepps

verður haldinn á Björk

Mánudaginn 23. mars kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffiveitingar.
3. Önnur mál.

Stjórnin



100 ára sögu- og ritnefnd
Kvenfélags Grímsneshrepps hefur tekið til starfa. Kvenfélag Grímsneshrepps verður aldargamalt árið 2019 stofnað í apríl 1919 og af því tilefni ætlar Kvenfélagið að minnast þeirra tímamóta með ýmsum hætti sem koma munu í ljós þegar nær dregur.

Nefndina skipa; Lísá Thomsen, Þórunn Oddsdóttir og Guðrún Ásgeirsdóttir.

Við hvetjum alla núverandi og brottflutta Grímsnesinga svo og alla þá sem kunna að luma á myndum eða skemmtilegum frásögnum frá mömmum, ömmum eða frænkum um starfið þessi nærri 100 ár að hafa samband.

Við tökum glaðar á móti öllu efni, endilega hafið samband við ofangreindar nefndarkonur.

Lísá: burfell@simnet.is; Þórunn: thdrifa@gmail.com;

Guðrún: gag@mi.is